

27. apríl 2018

Skólaráð

Mætt: Sigríður (fulltrúi foreldra), Jón Þór (fulltrúi foreldra), Ásta Ben (fulltrúi kennara), Margrét Gróa (fulltrúi almennra starfsmanna), Þórhildur (skólastýra), Þóranna (skólastýra og fundarritari), Svandís (fulltrúi nemenda), Sara (fulltrúi nemenda), Erla Jóna (fulltrúi kennara)

Á fundinn mættu einnig Ólafur húsvörður og Óðinn Pétur deildarstjóri.

1. Öryggi og velferð

Reglulegar úttektir í Mosfellsbæ samkvæmt lögum. Vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið kemur hér reglulega. Í fyrra fengum við úttekt á yngri deild frá Eflu vegna raka. Í skýrslunni kemur fram að ekki sé mygla á svæðinu en það er leki. Út frá þessum upplýsingum var aðgerðaráætlun gerð og farið í að vinna í rakamálum sem fram komu.

Það sem listað var í þessari úttekt er meira og minna búið að laga eða er í vinnslu. Fulltrúi foreldra spurði út í hvort ekki yrði gerð úttekt á ný til að sjá hvort búið væri að ná fyrir þessi verkefni. Það er mikilvægt að fá staðfestingu að húsnæðið sé í lagi.

Það eru ekki lekavandamál í eldri deild. Húsið var klætt og einangrað. Farið var í miklar framkvæmdir varðandi fituskilju í eldhúsi.

Þegar heilbrigðiseftirlit kemur þá eru ekki gerðar miklar athugasemdir og þá er farið í málið. Vinnueftirlitið og slökkviliðið kemur árlega tekur út og gerir athugasemdir. Allar athugasemdir sem við finnum er sett inn á forritið Stjórinn sem heldur utan um verkefnaskráningu bæjarins.

Í sumar á að klára að taka þakkantinn í gegn. Ólafur fór einnig yfir hugmynd hvernig hægt er að bæta aðgengi hreyfihamlaðra nemenda að eldri deildinni.

Verið er að taka allt loftræstikerfið í yngri deild. Skipta um stjórnstöð. Búið er að skipta út vatnspóstum í yngri deild sem voru búnir með sinn líftíma. Höfum sett upp nýja þar sem við teljum nauðsynlegt að nemendur hafi aðgang að góðu vatni.

Verið er að vinna í að fá uppfærða heimilisfræðistofu í eldri deild. Verið er að skoða vinnurými ritara í eldri deild. Það er mikill hávaði og kuldi á vetur. Slæm vinnuaðstaða. Við bíðum eftir úrbótum þar.

Verið er að fá tilboð í nýja kæli og frystiklefa til að bæta geymslu matvæla.

Setja á tvö hús við skólann fyrir haustið. Verið er að finna hvar á að koma þeim fyrir.

Verið er að laga til frístundaselið. Veggir sem höfðu farið að sjá á voru settir á lakkaðir krossviðir.

Fulltrúi nemenda spurði um anddyrið og grænan blett þar. Skólastjóri fór yfir að taka á anddyrið í eldri deild algerlega í gegn um leið og skóla lýkur.

Fulltrúi almennra starfsmanna kom með ábendingu um að laga þurfi kaffistofu starfsmanna í yngri deild. Það sé erfitt að hafa uppþvott í gangi þegar fólk er að slaka á.

2. Önnur mál

Viðbrögð við samskiptavanda og einelti. Farið yfir nauðsyn þess að hafa ferli til að takast á við þessum málum. Fyrsta mál er að greina hvort mál sem upp kemur sé eineltismál eða samskiptavandi. Erum að prufukeyra ferlið okkar og erum með hana í stanslausri endurbótum. Erindi mun koma inn sem ráðgjafandi aðili til að fara yfir ferlana og aðstoða okkur.

Fulltrúi foreldra ræddi um að það þurfi að vera sýnilegra hvernig er verið að vinna eftir ákveðnum kerfum. Fulltrúi foreldra spurði fulltrúa kennara hvernig honum fyndist málin í skólanum vera. Er þetta til bóta. Kennari fór yfir að Uppeldi til ábyrgðar hjálpar starfsfólki að fókúsera á hegðun einstaklingsins og þjálfar hann til að taka ábyrgð á hegðun sinni. Nemendur telja að ástandið sé nokkuð gott og þá sérstaklega eftir því sem þau eru orðin eldri þá eru nemendur þroskaðri. Stjórnandi spurði hvort nemendum þætti að það væri rætt markvisst um samskipti við þau. Þeir voru sammála að það mætti vera meira. Undir þetta tók fulltrúi starfsmanna.

Fulltrúi foreldra kom með ábendingu um að hafa tímasetta áætlun um ferla þegar einelti /samskiptaerfiðleikar koma upp. Bent var á ferli í Háteigsskóla sem mætti skoða.

Fulltrúi foreldra kom með ábendingu um að ef starfsfólk fer á námskeið að það eigi þess kost að nýta þekkinguna sem það fær. Rætt var um að ekki vinnst alltaf tími eða það er skortur á mannskap til að innleiða það sem viðkomandi lærði.

Fundi slitið.

Þóranna Rósa Ólafsdóttir